

10. apríl

Úr 4. gr. falli orðið »kamala« burt.

Breyting þessi er samkv. 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890, gjörð og samþykkt af sýslunefnd Norðurlisafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 3.—5. þ. mán. og öðlast gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 10. apríl 1905.

*Magnús Torfason.*

26. maí

## Auglýsing

um staðfesting á reglugjörð um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

Sýslunefndin í Kjósarsýslu hefir eptir löglegan undirbúning samkvæmt lögum 19. febrúar 1886 um friðun á laxi samið eptirfarandi

### reglugjörð

um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

#### 1. grein.

Um næstkomandi 5 ár, frá 1. júní 1905 að telja, má aðeins viðhafa stanga-veiði fyrir lax í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi, en engin net nota á neinn hátt.

#### 2. grein.

Þjóðist leigendur að veiðinni í báðum ánum til stangaveiði um eitt eða fleiri ár á þessum tíma, þá skal leigunni skipt á hina einstöku hluta ána og milli hinna einstöku jarða þannig:

- a. Hinni svonefndu samveiði, það er Laxá frá flæðarmáli upp að Laxfossi og í þeim fossi sjálfum, ber 55 %.
- b. Pollveiðinni, það er frá Laxfossi upp að ármótum Laxár og Bugðu, ber 10 %.
- c. Bugðu, það er frá áðurnefndum ármótum upp að Meðalfellsvatni, ber 15 %.
- d. Laxá, það er frá áðurnefndum ármótum fram í Þórufoss, ber 20 %.

Milli hinna einstöku jarða, sem veiðirjett eiga í hinum áðurtöldu ýmsu hlutum ána, skiptist leigan sem hjer segir:

- a. Af samveiðinni í Laxá beri Reynivöllum  $\frac{2}{6}$ , Laxárnesi  $\frac{2}{6}$ , Nedra-Hálsi  $\frac{1}{6}$  og Valdastöðum  $\frac{1}{6}$  hluti.
- b. Af Pollveiðinni beri Laxárnesi  $\frac{3}{4}$ , en Valdastöðum  $\frac{1}{4}$  hluti.
- c. Eptir Bugðu á þann hátt, að Meðalfellum beri  $\frac{2}{3}$ , en Káranesjunum  $\frac{1}{6}$  og Laxárnesi  $\frac{1}{6}$  hluti.

- d. Eptir Laxá skiptist leigan fyrst í helminga, beri jörðunum að sunnanverðu við ána annar hlutinn, en jörðunum að norðanverðu hinn. 58  
26. maí

Þeir hlutar skiptast á þessa leið:

Að sunnanverðu: Jörðunum Káranesi og Káraneskoti sem einni jörð, Meðalfelli og Meðalfellskoti sem einni jörð, Hurðarbaki og Þorláksstöðum beri  $\frac{2}{3}$  hlutar til jafnra skipta, en  $\frac{1}{3}$  hluti til hinna jarðanna, þannig, að Fremri-Háls, Írafell og Möðruvellir fái hver  $\frac{3}{11}$ , en Eyjar  $\frac{2}{11}$  hluta.

Að norðanverðu: Valdastaðir og Sogn fái 15% hvor, Reynivellir 30%, Hækingsdalur og Vindás hvor 20%.

### 3. grein.

Þjóðist 1200 kr. eða hærri leiga í báðar árnar fyrir hvert af þessum árum, eitt eða fleiri, þá skulu þær verða leigðar.

Skulu þá þrír menn, kosnir af öllum veiðieigendum úr þeirra flokki, gera þá leigusamninga við leigendur fyrir eitt eða fleiri af þessum fimm árum og fyrir næsta veiditímabil, þó það verði eigi gjört fyrir en veiditími er byrjaður. En fyrir síðari árin skal samningur vera gjörður fyrir 1. maí ár hvert, til þess að hann sje bindandi fyrir alla hlutadeigendur.

### 4. grein.

Verði boðin lægri leiga í árnar en 1200 kr. árlega, þá skal 5 manna nefnd, sem skipuð skal þannig, að presturinn á Reynivöllum, eigandi eða umráðamaður Laxárness og eigandi eða umráðamaður Meðalfells sjeu sjálfkjörnir í hana, og tveir menn kosnir af öllum veiðieigendum úr þeirra flokki, ráða því, hvort leigja skal og gera væntanlega leigusamninga. Ræður í nefnd þeirri afl atkvæða.

### 5. grein.

Þau af þessum 5 árum, sem árnar ekki verða leigðar allar í sameiningu, er hverjum veiðieiganda heimilt að veiða með stöng fyrir sínu landi, sem og leigja veiðina öðrum, þó þannig, að rjetti þeirra, sem á móti búa, sje ekki hallað.

Sömuleiðis er þeim, er hlut eiga að máli, eigendum og umráðamönnum hvers hluta af ánum, sem að framan eru greindir, heimilt að leigja þá hvern fyrir sig í samlögum þau ár, sem árnar eru ekki allar leigðar í sameiningu.

### 6. grein.

Brot gegn reglugjörð þessari varða allt að 100 kr. sekt, er renni að helmingi í sveitarsjóð Kjósarhrepps, og að helmingi til uppljóstrarmanns.

Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðihöld skulu upptæk og andvirði þess renna í sveitarsjóð.

### 7. grein.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

26. maí

Reglugjörð þessi fellur úr gildi 1. júní 1910, nema hún hafi áður verið endurnýjuð.

Framanskráð reglugjörð staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum 19. febr. 1886.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 26. maí 1905.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

13. apríl

## Reglugjörð

fyrir Vesturbarðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum, eins og henni þykir bezt við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn, eptir stærð og þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækning á hundum, skyldir til að hlýða, undantekningarlaust, ákvæðum hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta fara fram á einum og sama degi í öllum hreppunum, tvisvar á ári hverju, í fyrra skiptið 20. dag aprilmánaðar, og í síðara skiptið 20. nóvember, eða, ef þetta eru helgidagar, þá næsta virkan dag á eptir.

3. gr.

Lækningunni skal hagað þannig:

Í hálfan sólarhring skal hafa hundinn inni, og má hann alls engan mat